



Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð
Borgartúni 12-14

105 Reykjavík

Reykjavík, 20. nóvember 2019
2019090006


Frístundakortið

Á fundi borgarráðs 19. september 2019 var lögð fram eftirfarandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um átak í notkun Frístundakortsins:


"Tillaga um að Reykjavíkurborg fari í sérstakt átak við að auka þáttöku barna í hverfi 111 m.a. með notkun frístundakortsins til íþróttá- og tómstundanááms. Í yfirliti yfir þáttöku barna í skipulögðu starfi árið 2018 og notkun frístundakorta kemur í ljós að þátttakan er lökust í hverfi 111. Þátttaka stulkna í þessu hverfi er 66% og þátttaka drengja er 69%. Til samanburðar má nefna að mest er skráning í frístundastarf í hverfi 112, drengir með 94% og stulkur 85%. Ástæður fyrir þessu geta verið af ýmsum toga. Hverfi 111 er Fella- og Hólahverfi og þar er eitt mesta fjölmenningsarsamfélagið í borginni. Flokkur fólksins hefur spurt um stöðu barna í Fella- og Hólaskóla. Þar býr hæsta hlutfall fólks sem er af erlendu bergi brotið. Af svari að dæma er stór hlópur barna í hverfinu félagslega einangraður og þar búa margir sem glíma við fátækt. Ekki eru til upplýsingar hjá íþróttá- og tómstundasviði um hlutfall þáttöku barna af erlendu bergi brotnu. Möguleg skýring á minni þáttöku barna í hverfinu er að hér er um efnaliða og fátæka foreldra að ræða sem eiga e.t.v. ekki annan kost en að nota frístundakort barnanna til að greiða gjald frístundaheimilis svo foreldrarnir geti verið á vinnumarkaði. En það er auðvitað ekki markmiðið með frístundakortinu".

Tillögunni var vísað til meðferðar menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs.


Notkun á Frístundakortinu 2018 eftir kynjum og hverfum var eftirfarandi:



Notkun á Frístundakortinu í hverfi 111 árin 2017 og 2018 hefur verið eftirfarandi:



Ráðstöfum á Frístundakortinu árin 2015-2018 í 111:



Kynningarátak hefur verið í gangi um Frístundakortið. Meðal annars hafa upplýsingar um kortið verið þýddar á ensku, pólsku, tælensku, litháísku, víetmömsku, rússnesku, arabísku, spænsku og filippeysku og hefur þessum upplýsingum m.a. verið dreift á Þjónustumiðstöð Breiðholts. Þessar upplýsingar eru jafnframt á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Á árinu 2020 verður áfram unnið að kynningarátaki þar sem börnum í 111 verður sérstaklega kynnt hvað er í boði í íþróttar- og tólmundastarfí í hverfinu.

Ómar Einarsson.